



Stjórnsýslu- skoðun 2019

Skýrsla til sveitarstjóra Strandabyggðar

TRÚNAÐARMÁL

17. apríl 2020

Tengiliðir og dreifing skýrslu

Nánari upplýsingar um skýrslu þessa veita:

Haraldur Örn Reynisson

Partner

hreynt@kpmg.is

Kristján Jónasson

Partner

kjonasson@kpmg.is

Sesselja Árnadóttir

Senior Manager

sesseljaarnadottir@kpmg.is

Um dreifingu skýrslunnar

Í skýrslu þessari eru upplýsingar sem eru fyrst og fremst ætlaðar stjórnendum sveitarfélagsins.

Upplýsingum um öll mikilvæg atriði sem fjallað er um í skýrslunni verður komið á framfæri við sveitarstjórn í endurskoðunarskýrslu okkar.

Innihald skýrslunnar er ekki ætlað til opinberrar birtingar án okkar samþykkis.





Endurskoðunarsvið
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Sími 545 6000
Fax 545 6001

Borgarnesi, 17. apríl 2020

Strandabyggð
Þorgeir Pálsson sveitarstjóri
Höfðagötu 3
510 Hólmavík

Stjórnsýsluskoðun árið 2019

Með skýrslu þessari viljum við koma á framfæri helstu niðurstöðum varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Samhliða vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2019 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í skýrslunni eru ýmsar upplýsingar sem taldar eru geta komið að gagni varðandi innra fyrirkomulag og stjórnsýslu, auk ýmissa athugasemda/ábendinga og tillagna um úrbætur.

Skýrslan er í tveimur hlutum þar sem athugasemdir/ábendingar eru dregnar fram í fimm dálka formi. Fyrri hlutinn fjallar um ýmis atriði sem fram komu við skoðunina, hvaða áhætta getur falist í þeim og á hvern hátt megi draga úr eða koma í veg fyrir hana. Þessi atriði hafa verið borin undir stjórnendur og starfsmenn hjá sveitarfélaginu, eftir því sem við hefur átt í hverju tilviki, og er greint frá skýringum þeirra og tillögum þeirra til úrbóta. Seinni hlutinn er samantekt á nokkrum athugasemdum varðandi stjórnsýslu sem fram hafa komið í eldri skýrslum okkar um stjórnsýsluskoðun í tengslum við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins og staða þeirra mála.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson partner
Kristján Jónasson, partner

Athugasemdum og ábendingum er skipt í þrjú stig:

- 1** Stig 1 – nauðsynlegt er að bæta stjórnsýslu. Undir fyrsta stig falla athugasemdir/ábendingar sem taldar eru mikilvægastar og til að tryggja að úrbætur nái fram að ganga eru æðstu stjórnendur sveitarfélagsins upplýstir um þær. Um slíkar athugasemdir/ábendingar er því að jafnaði fjallað í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar, en að auki er ítarlegri umfjöllun um þær í skýrslu til sveitarstjóra þegar við á.
 - 2** Stig 2 – ábending um veikleika í stjórnsýslu. Undir annað stig falla athugasemdir/ábendingar sem talið er nægjanlegt að fjalla um í skýrslu til sveitarstjóra. Í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar er þó að jafnaði getið um athugasemdir/ábendingar við einstaka þætti starfseminnar frá fyrra ári, sem ekki hafa verið lagfærðir og falla undir þetta stig.
 - 3** Stig 3 – tækifæri til úrbóta. Undir þriðja stig falla athugasemdir/ábendingar sem ræddar eru við sveitarstjóra, fjármálastjóra, aðalbókara eða aðra þá sem málið varðar, en ekki er talin ástæða til að fjalla um í endurskoðunarskýrslu til sveitarstjórnar. Þessar athugasemdir/ábendingar eru ekki eins mikilvægur og athugasemdir í stigum eitt og tvö, en samt talið nauðsynlegt að koma þeim á framfæri á viðeigandi hátt. Að jafnaði koma fram upplýsingar um stöðu ábendinga frá fyrra ári, en ekki talin ástæða til að fjalla um stöðu eldri ábendinga sem falla undir þetta stig.
- ✓ Brugðist hefur verið ábendingu eða hún ekki lengur viðeigandi af öðrum ástæðum.

Athugasemdir og ábendingar tengdar stjórnsýsluskoðun

Stjórnsýsluskoðun 2019					
Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Áhrif / möguleg áhrif	Tillögur okkar um úrbætur	Viðbrögð stjórnenda	Stig
Leyfi kjörins fulltrúa í sveitarstjórn	<p>Á fundi sveitarstjórnar 13. ágúst 2019 var bókað að fulltrúi í sveitarstjórn fengi að eigin ósk leyfi frá setu í sveitarstjórn um óákveðinn tíma.</p> <p>Í 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tilgreint að sveitarstjórnarmaður geti óskað eftir leyfi eða lausn úr sveitarstjórn „um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.“</p> <p>Skilyrði um að tilgreina viðkomandi tímabil var ekki uppfyllt við fyrrgreinda bókun sveitarstjórnar.</p>	Ekki er að öllu leyti fylgt fyrirmælum sveitarstjórnarlaga um leyfi fulltrúa í sveitarstjórn frá störfum.	Sveitarstjóri gæti þess að þegar sveitarstjórn fjallar um beiðnir um leyfi frá störfum í sveitarstjórn að bókað sé til hve langs tíma leyfið gildir hverju sinni.	Sambærileg erindi voru afgreidd í sveitarstjórn 9. apríl og 14. maí 2019 og þá voru bókanir skýrar um tímabundin leyfi. Sveitarstjóri hyggst jafnframt gæta að þessu framvegis.	2
Húsnæðisáætlun	Sveitarfélagið hefur ekki gert húsnæðisáætlun í samræmi við kröfur laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018.	Ekki eru uppfyllt ákvæði laga og reglugerðar um skyldu hreppsnefndar í þessu efni.	Sveitarstjóri sjái til þess að hreppsnefnd setji húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið.	Sveitarstjóri hyggst bregðast við ábendingunni. Húsnæðisáætlun er þegar í vinnslu með byggingarfulltrúa.	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2018

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Kjör í nefndir í framhaldi af sveitarstjórnarkosningum vorið 2018	Farið var yfir ákvæði 39. gr. samþykktar um stjórn Strandabyggðar nr. 194/2016 varðandi nefndakjör og þau ákvæði borin saman við kjör sveitarstjórnar í nefndir samkvæmt fundargerðum. Fram kom eftirfarandi: 1. Í greininni er kveðið á um kosningu endurskoðanda árlega, en í 1. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tilgreint að endurskoðandi sé ráðinn. 2. Fara þarf yfir ákvæði greinarinnar varðandi samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum (aðeins eitt atriði tilgreint), m.a. öldungaráð.	Sveitarstjóri sjái til þess að 39. gr. samþykktar um stjórn Strandabyggðar verði endurskoðuð og uppfærð miðað við breytingar sem orðið m.a. á lögum og samstarfsverkefnum sveitarfélaga.	29. mars 2019	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Sveitarstjóri hefur farið yfir málið og hyggst jafnframt taka inn í þá vinnu breytingar sem orðið hafa á nefndaskipan sveitarfélagsins og samstarfsverkefnum.	2	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2018, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Viðaukar við fjárhagsáætlun	Á fundi sveitarstjórnar 11. desember 2018 var samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2018. Vandséð er að þessi tímasetning samþykktar á viðauka uppfylli skilyrði 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, en að einhverju leyti er verið að setja í þann viðauka ákvarðanir sem teknar voru fyrr á árinu.	Sveitarstjóri sjái til þess að gætt verði að reglum 63. gr. sveitarstjórnarlaga þegar teknar eru ákvarðanir um fjárhagsleg málefni sem ekki er heimild fyrir í fjárhagsáætlun.	29. mars 2019	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Þó má ráða af viðauka sem samþykktur var 8. október 2019 að ekki hafi að öllu leyti verið fylgt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi tímasetningar. Sveitarstjóri er meðvitaður um reglurnar og vinnur að úrbótum.	2	2
Erindisbréf nefnda sveitarfélagsins	Erindisbréf fastanefnda sveitarfélagsins hafa að litlu leyti verið sett.	Sveitarstjóri sjái til þess að gerð verði erindisbréf fyrir fastanefnda sveitarfélagsins.	29. mars 2019	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta, en verkefninu er ekki lokið. Stefnt er að því að ljúka verkefninu á vordögum 2020.	3	3

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2017						
Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Bókun í sveitarstjórn vegna álagningar útsvars	Ákvörðun um álagningu útsvars ársins 2017 var tekin í sveitarstjórn 13. desember 2016. Ákvörðun vegna ársins 2018 var tekin á fundi 12. desember 2017. Ákvörðun um útsvar á að taka fyrir 1. desember ár hvert samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.	Sveitarstjóri sjái til þess að ákvarðanir um álagningu útsvars séu teknar af sveitarstjórn innan lögbundinna tímamarka.	9. febrúar 2018	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Bókun um álagningarhlutfall útsvars vegna 2019 var á fundi sveitarstjórnar 11. desember 2018. Hins vegar var bókun vegna 2020 gerð á fundi sveitarstjórnar 12. nóvember 2019.	2	✓
Innkaupareglur	Sveitarfélagið hefur ekki sett sér innkaupareglur. Sett hafa verið ný lög um opinber innkaup nr. 120/2016 sem tekið hafa gildi gagnvart sveitarfélögum, að öðru leyti en því að 1. mgr. 23. gr. laganna um lágmarksfjárhæðir öðlast gildi gagnvart sveitarfélögum 31. maí 2019.	Sveitarstjóri sjái til þess að settar verði innkaupareglur hjá sveitarfélaginu. Einkum verði horft til þess að innkaupareglurnar fjalli fyrst og fremst um stjórnsýsluna hjá sveitarfélaginu er varðar innkaup, s.s. um heimildir til að skuldbinda sveitarfélagið, samþykkja reikninga, úthlutun útgjaldaheimilda, viðskipti við tengda aðila o.p.h.	9. febrúar 2018	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Ákveðið var að setja endurskoðun innkaupareglna í biðstöðu þar sem beðið var eftir fyrirmynd frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en hún lá fyrir í maí 2019. Stefnt er að því að innkaupareglur verði settar á vordögum 2020.	2	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2017, frh.

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Brunavarnaáætlun	Í 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 kemur fram að á hverju starfssvæði slökkviliðs skuli liggja fyrir brunavarna-áætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Gild brunavarnaáætlun er ekki til staðar fyrir sveitarfélagið, en síðasta gilda áætlun var fyrir tímabilið 2006–2011.	Sveitarstjóri beiti sér fyrir því að lokið verði við gerð brunavarnaáætlunar fyrir sveitarfélagið.	9. febrúar 2018	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Vinna við áætlanagerðina er komin af stað og er nú á borði nýstofnaðs byggðasamlags og slökkviliðsstjórans sem er sameiginlegur með Dalabyggð og Reykhólahreppi.	2	2

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2016						
Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Gjaldskrá vegna gæludýraleyfa	Sveitarfélagið innheimtir gjöld vegna hunda- og kattahalds á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Hreppsnefnd hefur samþykkt gjaldskrá vegna þessara gjalda en ekki birt hana í B-deild Stjórnartíðinda.	Sveitarstjóri sjái til þess að gjaldskráin verði birt í B-deild Stjórnartíðinda eins og fyrrgreind lög gera ráð fyrir.	11. maí 2017	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Drög hafa verið unnin og stefnt er að því að gjaldskráin verði samþykkt í apríl 2020.	1	1
Hækkanir á gjaldskráum vegna sorphirðu, sorpeyðingar, fráveitugjalds og rotþróargjalds	Sveitarstjórn hefur sett gjaldskrár um þetta efni nr. 282/2012 og 280/2012. Frá þeim tíma hefur sveitarstjórnin ákveðið að hækka gjöld samkvæmt þeim gjaldskráum en ekki birt þær breytingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við kröfur laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.	Sveitarstjóri sjái til þess að breytingar á gjaldskránum verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda eins og fyrrgreind lög gera ráð fyrir.	11. maí 2017	Brugðist hefur verið við ábendingunni að hluta. Drög hafa verið unnin og stefnt er að því að gjaldskrár verði tilbúnar í apríl eða maí 2020.	1	1
Lóðarleiga	Ekki er tryggt að fyrir hendi séu skriflegir lóðarleigusamningar hjá sveitarfélaginu, en sveitarfélagið innheimtir lóðarleigu sem hlutfall af fasteignamatí lóða.	Sveitarstjóri sjái til þess að farið verði yfir lóðarleigu-samninga og innheimtu lóðarleigu í því skyni að tryggja að verið sé að innheimta lóðarleigu í samræmi við samningsbundnar heimildir.	11. maí 2017	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Gerðir eru samningar jafnóðum og mál koma upp.	2	✓

Samantekt á eldri athugasemdum og ábendingum

Stjórnsýsluskoðun 2012

Atriði skoðað	Athugasemdir / ábendingar	Tillögur okkar um úrbætur	Dagsetning skýrslu	Núverandi staða	Upphafl. stig	Núv. stig
Stjórnsýsla mannvirkjamála	Sveitarfélagið hefur umhverfis- og skipulagsnefnd og af fundargerðum þeirrar nefndar verður ráðið að nefndin fjalli a.m.k. að einhverju leyti um og samþykki byggingarleyfi áður en byggingarfulltrúi gefur þau út. Sveitarstjórn hefur hins vegar ekki gert samþykkt í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um hlutverk byggingarnefndar í þessum efnum.	Sveitarstjórn taki afstöðu til þess hvort fyrirkomulagi þessu verði haldið áfram og ef nefndin á að fjalla um og samþykkja umsóknir um byggingarleyfi þá verði gerð samþykkt á grundvelli 7. gr. laga um mannvirki og sendi umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til staðfestingar.	14. maí 2013	Brugðist hefur verið við ábendingunni. Niðurstaða liggur fyrir um að ekki verði samstarf við Dalabyggð og Reykhólahrepp. Byggingarfulltrúi hefur verið ráðinn hjá sveitarfélaginu og telur sveitarstjóri að hann muni geta afgreitt mál í samræmi við heimildir laganna.	2	✓



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.